

# Samstarf norrænu læknablaðanna

Védís  
Skarphéðinsdóttir

Í JÚNÍBYRJUN fóru ábyrgðarmaður og ritstjórnarfulltrúi Læknablaðsins á fund til Finnlands að hitta ritstjórnir og starfsmenn norrænu læknablaðanna. Slíkir fundir hafa verið haldnir annað hvert ár um þriggja áratuga skeið. Yfirskriftin í ár var: Nordiskt samarbete: Status idag och framtiden – klassísk pæling sem allir vita svarið við, samstarfi skal haldið áfram, en það er hollt og gott að velta því fyrir sér öðru hverju. Eva Oldinger sem áður leiddi tímaritið Nordisk medicin fór yfir stöðuna. Magne Nylenna renndi sér í gegnum nýtt landslag fjölmiðlanna einsog það er kallað og stappaði stálinu í menn með því að benda til dæmis á evrópsk samtök ritstjóra vísindatímarita þangað sem hægt væri að sækja vísu og styrk og holl ráð. Á dagskrá voru einnig spursmál um birtingarétt, tengsl læknablaða og lyfjafyrirtækja, fjármál blaðanna, samband blaðanna við læknafélögin sem margir vildu meina að minnti oft á tíðum óþægilega á gömlu söguna um upphaf hænunnar og eggisins.

Norrænu blöðin eru öll ámóta gömul og afar margt skylt með þeim, bæði að innihaldi og útliti, þótt þau búi hvert um sig við sérstöðu að einhverju leyti.



Hluti hópsins að virða fyrir sér sumarhöll finnska forsetans, Gullranda, í skerjagarðinum við Åbo. Frá vinstri Josef Milerad frá sænska blaðinu, Charlotte Haug ritstjóri norska blaðsins, Álfheiður Steinþórsdóttir eiginkona ábyrgðarmanns íslenska læknablaðsins, Maud Kaino auglýsingarstýra norska blaðsins, Pia Gelhaar auglýsingastýra og Bo Lennholm bæði hjá sænska blaðinu.



The grand old lady úr heimi norrænu læknablaðanna, Eva Oldinger, syngur til kollega sinna magnaðan blús.



Taito Pekkarinen ábyrgðarmaður finnska læknablaðsins ásamt Aagot Somdalen sem hefur lengi gegnt stöðu ritstjórnarfulltrúa hjá norska blaðinu en hættir á þessu ári.

## Ný stjórn nýrnalækna

Í nýrri stjórn Félags íslenskra nýrnalækna eru **Margrét Árnadóttir** formaður, **Viðar Örn Eðvarðsson** gjaldkeri og **Hrefna Guðmundsdóttir** ritari. Endurskoðandi félagsins er **Porvaldur Magnússon**.

## Ný stjórn þvag- færaskurðlækna

Aðalfundur Félags íslenskra þvagfæraskurðlækna var haldinn 5. mars síðastliðinn. Þar var félaginu kjörin ný stjórn en fráfarandi stjórn baðst undan endurkjöri. Nýja stjórnin er þannig skipuð: **Guðmundur Geirsson** formaður [gug@landspitali.is](mailto:gug@landspitali.is), **Guðjón Haraldsson** ritari [guðjonhar@landspitali.is](mailto:guðjonhar@landspitali.is) og **Baldvin Þ. Kristjánsson** gjaldkeri [baldvin@landspitali.is](mailto:baldvin@landspitali.is). Varamenn í stjórn eru **Valur Þór Marteinsson** [valmart@fsa.is](mailto:valmart@fsa.is) og **Hafsteinn Guðjónsson** [hafsteinn@fsa.is](mailto:hafsteinn@fsa.is).



Það var bræla og súld þegar Védís Skarphéðinsdóttir, Lars-Einar Floman heiðursritstjóri finnska blaðsins og Vilhjálmur Rafnsson stigu á eitt af skrilljón skerjum í finnska skerjagarðinum. Herrarnir klæðast treyjum í boði Finnanna. – Myndir: Álfheiður Steinþórsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson.

Finnska blaðið er mjög samtvinnuð læknafélaginu, norska blaðið er mjög öflugt og frískt, ekki síst á netinu, sænska blaðið hefur siglt hægan byr um árabíl peningalega en nú sjá þau fram á breytta tíma og niðurskurð þareð auglýsingum í blaðinu hefur snarfækkað, Danir eru rétt komnir útúr miklum ógöngum og þurftu að horfast í augu við gagngerar sparnaðarráðstafanir.

Blöðin eru eðli málsins samkvæmt nokkuð forn í lund, þó allsstaðar hafi bylgju nýrrar tækni skolað að landi. Blöðin eru öll á netinu og upplýsingastreymið er löngu orðið að ógnar flóði. En markmið blaðanna hefur haldist óbreytt: að efla og yrkja læknavísindin, koma rannsóknum á framfæri og halda læknum upplýstum og vel menntuðum eftir að úr skóla er komið.



## Bíll með rómantíska læknasögu

**Willys Overland 4 x 4**  
árgerð 1959 til sölu.  
Bíllinn er eins og nýr.

Upplýsingar í síma 898 8577.